

# LISTASAFN REYKJAVÍKUR - KJARVALSSTAÐIR

## ALMENNAR ÚTLEIGUREGLUR

Undirbúningur eða frágangur leigutaka skal ekki raska reglubundinni starfsemi safnsins.

Á leigutíma leggur Listasafnið til tvo starfsmenn auk starfsmanns í þrif á gólfum eftir viðburð. Starfsfólk Listasafnsins, sem er á vakt hverju sinni, ber ábyrgð á að samningi leigutaka og leigusala sé framfylgt og að eftirfarandi reglum sé fylgt eftir. Starfsfólk safnsins gætir öryggis á meðan viðburður stendur og verður leigutaka innan handar við undirbúning og frágang.

Reykingar eru stranglega bannaðar í safninu.

Confetti sprengjur í hvað formi sem er eru bannaðar í safninu.

Leyfilegt er að hafa spritt kerti á borðum í þar til gerðum stökum. Kerti eru ekki leyfð á gólfum. Útikerti eru leyfð ef þau eru vel varin í þar til gerðum ílátum og engin hætta sé á að vaxið fari á stétt eða vegg.

Búnaður og aðföng sem leigutaki kemur með skal fjarlægja í lok viðburðar. Leigutaki skal sjá til þess að gengið verði frá rýminu og því skilað í sama ástandi og tekið var við því.

Eldhúsaðstaða er ekki leigð út nema með samþykki leigusala.

Reykvélar eru bannaðar nema með samþykki leigusala.

Auglýsingaspjöld má hengja upp eftir samkomulagi við safnið. Plaköt á að hengja upp með girni eða bandi en ekki líma þau á veggina.. Stranglega er bannað að negla, bora eða nota límband.

Gæta þarf að ekki sé neitt hengt upp eða sett fyrir merкта neyðarútganga

Við viljum benda á að skylda er að greiða gjald fyrir tónlistarflutning til STEF, í langflestum tilfellum eiga lágmarksgjöldin við. Listasafn Reykjavíkur greiðir ekki gjaldið það er á hendi leigutaka.

Bendum ykkur á að hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu STEF [www.stef.is](http://www.stef.is).

Leigutaki ber ábyrgð á snyrtilegri umgengni gesta sinna.